

Efni: Fundur umhverfisnefndar Pelamerkurskóla Mánudaginn 10. September 2012



Mættir voru þeir fulltrúar nefndarinnar sem eru:
Anton Smári 9. bekk, Unnar 10. bekk, Helgi Pétur 7.
bekk, Egill Már 5. bekk, Jakobína 3. bekk.

Linda 2. bekk var í íþróttum og komst því ekki á
fundinn og Bergvin 6. bekk var í heimilisfræði.

Aðrir í nefndinni eru Unnar Eiríksson aðstoðarskólastjóri, Sigríður
Guðmundsdóttir iðjuþjálfari, Sesselja Ingólfisdóttir fulltrúi starfsfólks og
Sigríður Hrefna fulltrúi foreldra.

Sigríður formaður setti fund og bauð fólk velkomið.

Fyrsta mál var að ákveða fundartíma. Næsti fundur verður í lok október,
svo í byrjun janúar, í lok febrúar og síðasti fundurinn verður í aprílbyrjun.

Annað mál var að skipta vinnu vetrarins niður á nemendur. Ákveðið var
að Unnar eldri, Unnar yngri og Egill Már beri ábyrgð á moltukassanum.
Það þarf til dæmis að hræra í honum vikulega. Ábyrgðarmenn
umhverfistöflunnar eru Anton Sigga Guðm. og Jakobína. Þau sjá um að
uppfæra töfluna og búa til vikulega getraun.

Umsjónarmenn afmælistrésins eru Helgi Pétur, Bergvin, Linda, Sigga
Guðm. og Unnar eldri. Það þarf að setja nýja nemendur á tréð og
fjarlægja gamla nemendur. Einnig ætlum við að búa til skilti þar sem
minnt er á afmælisbörn mánaðarins.

Einnig þarf að yfirfara vegginn Heimabyggðin sem við gerðum í fyrra.
Setja myndir af nýjum nemendum á vegginn og taka niður myndir af
gömlum nemendum.

Priðja mál. Rætt stuttlega um markmið vetrarins og nemendur spurðir
um hvort það væri eitthvað sérstakt sem þeir vildu vinna að í vetur. Þetta
verður rætt betur á næsta fundi

Fjórða mál. Jakobína og Sigga G. ætla að taka það að sér að kynna
grænánaverkefnið fyrir 1. bekk og nýjum nemendum.

Fleira ekki gjört

Unnar Eiríksson fundarritari.